bjargar á Frakkastíg 17 er Sæmundur Pálsson sá frægi lögregluþjónn, öðru nafni Sæmi rokk.

FORSETI ALINN UPP Í SKÚR

Á 19 er einlyft timburhús. Þar bjó Gunnar Björnsson skósmiður framanaf en síðar Helgi Sæmundsson sjómaður, bróðir Nínu myndhöggvara, og enn síðar Jón Guðmundsson verkamaður. Á nr. 20 er múrhúðað timburhús frá 1907, byggt af Steingrími Guðmundssyni, afa Steingríms Hermannssonar ráðherra. Þar bjó lengi Magnús Magnússon múrari og síðar tengdasonur hans, Árni Þórðarson sjómaður. Í steinhúsinu á 21 bjuggu feðgarnir Eiríkur Sigurðsson trésmiður og Sigurður Júlíus Eiríksson múrari. Á 22 er myndarlegt timburhús með gluggum í Vínar-júgend-stíl. Í því húsi hafa fjölmargir menn búið, m.a. Gísli Jóhannsson frá Eyrarbakka en meðal barna hans voru Jóhann starfsmannastjóri Flugfélags Íslands og Garðar flugmaður.

Á 23 er pínulítið timburhús en vel hirt. Þetta var upphaflega skúr en árið 1920 fékk Jón Guðmundsson sjómaður leyfi til að breyta honum í íbúð. Jón fórst með Leifi heppna í Halaveðrinu mikla 1925 og síðan bjó ekkja hans, Gróa R. Jóhannesdóttir, í þessu litla húsi ásamt börnum sínum. Eitt þeirra var Snorri Jónsson járnsmiður, fyrrverandi forseti Alþýðusambands Íslands.

Á Frakkastíg 24 er tvílyft forskallað timburhús inni í sérkennilegum garði, skreyttum hraungrýti. Áfast er tvílyft steinhús nr. 24B. Hér bjó sama fjölskyldan lengi, fyrst Guðmundur Höskuldsson bókbindari og síðan synir hans, þeir Guðmundur Elías járnsmiður og Valdimar skipstjóri. Loks bjó Einar járnsmiður, sonur Guðmundar Elíasar, á 24.

Í framhaldi af húsunum nr. 24 og 24B og áfast er húsið Frakkastígur 26B. Þar bjó meðal annarra Ingólfur Jónsson bankaritari í Útvegsbankanum. Framan við það, við götuna, er svo Frakkastígur 26A, einlyft steinhús frá 1923. Það reisti Guðlaugur Guðlaugsson verkamaður sem kallaður var Laugi frá Árbæ af því að hann var tengdasonur Margrétar á Árbæ. Nú býr þar sonur hans, Erlendur prentari.

Á 25 var timburhús, sem rifið var árið 1963. Þar bjó frá 1912 til dauðadags 1941 Ísólfur Pálsson organleikari og tónskáld frá Stokkseyri, faðir Páls Ísólfssonar tónskálds og þeirra bræðra og hafa því oft úr því húsi hljómað ljúfir tónar.

NÚ TÓK FYRST Í HNÚKANA

Þar rétt fyrir ofan var hið merka Listvinahús sem einnig var rifið 1963 til að rýma fyrir viðbyggingu Iðnskólans. Þórarinn B. Þorlaksson listmálari átti mikinn þátt í tilurð Listvinafélagsins árið 1919 en það reisti húsið á þessum stað, langa einlyfta steinbyggingu. Listvinafélagið átti að styðja listamenn, fræða almenning um listir og halda sýningar. Björn Th. Björnsson segir um þetta félag:


„Frá stofnun Listvinafélags Íslands árið 1919 hafði það gengist fyrir almennum sýningum — að tveimur árum undanskildum — og dómnefndir félagsins valið myndirnar. Á sýningu þess vorið 1925 kom fram mikil óánægja með valið til hennar, og var þá horfið að því vafasma ráði að hafa vorsýninguna 1927 frjálsa öllum þeim er myndir vildu senda. En nú tók fyrst í hnúkana. Sumir reiddust því, að hér væri öllum sleppt lausum sem á pentskúf gætu haldið, en aðrir hinu, að reyndari listamenn „köstuðu rusli inn á sýninguna“ í óvirðingarskyni við þá ungu. Jóhannes Kjarval birti auglýsingu í blöðunum þess efnis, „að hann vari alla þá við, er listsýningar sækja, að fara ekki á sýningu Listvinafélagsins, sem nú er, vegna þess, að hann álítur, að hætta stafi af að vera í miðsal hússins, vegna sprunginna veggja og rangrar byggingar á þakinu“.

Þótt formaður Listvinafélagsins, Th. Krabbe vitamálastjóri, mótmælti þessu um loftið og veggina í miðsalnum sem hreinum uppspuna, sýndist öðrum Kjarval hafa nokkur lög að mæla. - - -

Sýning þessi markaði áfanga að ýmsu leyti, en það gerir hana þó sögulegasta, að þar komu fram þrír ungir menn sem áttu síðar eftir að leiða umbyltinguna í íslenskri málaralist, þeir Snorri Arinbjarnar, Þorvaldur Skúlason og Gunnlaugur Óskar Scheving.“

Deilur þær sem Björn getur um urðu svo til þess að Listvinafélagið liðaðist í sundur þetta vor. Haustið 1929 tók Guðmundur Einarsson frá Miðdal húsið á leigu og hóf þar framleiðslu á leirmunum sem var algjör nýjung hér á landi. Rjúpurnar, hrafnarnir og dúfurnar sem voru á öðru hverju íslensku heimili um miðja öldina voru allar gerðar í þessu húsi.

Höfundur er sagnfræðingur.



Sóley Eiríksdóttir í vinnustofu sinni við Lindargötu ásamt nokkrum „konum“ úr steini, sem hún sýnir á Kjarvalsstöðum.

Ímynd konunnar í steinsteypu og kristninnar á járnplötum

Nokkur orð um samsýningu SÓLEYJAR EIRÍKSDÓTTUR og JÓNS AXELS BJÖRNSSONAR sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum í dag.

Þau Sóley Eiríksdóttir og Jón Axel Björnsson, sem opna sýningu saman á Kjarvalsstöðum í dag, eiga bæði allmargar sýningar að baki, þótt ung séu þau að árum. Þeim verkum sem þau sýna nú er það sameiginlegt að vera stór og þung og það var frekar kvíðvænleg tilhugsun á þessu heimili að eiga eftir að flytja þau á Kjarvalsstaði og koma þeim fyrir þar. Leið Sóleyjar hefur legið frá smáskúlptúrum úr leir til miklu stærri verka eins og þeirra, sem sjást hér á myndinni. Hún smíðar þá fyrst úr plötum, klæðir þá síðan með vírneti og bæði múrhúðar yfirborðið og málar. Þessir skúlptúrar eru ekkert kvenmanns meðfæri, og þegar við mynduðum gripina var listakonunni alveg hlíft við átökum, því hún var fyrir tveimur dögum komin heim af fæðingardeildinni með nýfædda dóttur. Það var því eins og nærri má geta í mörg horn að líta hjá þeim Sóleyju og Jóni Axel, því sýningin á Kjarvalsstöðum var löngu ákveðin.

Skúlptúrar Sóleyjar einkennast af nokkuð ströngu, geómetrísku formi, en teljast víst fígúratíf list þegar betur er að gáð. Það eru nefnilega kvenmannsbrjóst á þeim öllum og aðspurð um þetta lykilatriði sagði Sóley, að þetta væru allt saman konur. Hún væri alltaf að tjá sig um konur, en kannski væri réttara að segja: Ímynd konunnar. Stundum eru þessar táknrænu ímyndir í hvíld, stundum eitthvað að bjástra. Kvennalistakonur, spurði ég. Nei, Sólei kvaðst ekki vera í neinni femínistabaráttu með þessu. En stundum upplifir hún kynsystur sínar eitthvað þessu líkt. Það er aftur á móti spurning, sem ekki verður svarað hér, hversvegna Sóley notar steinsteypu frekar en einhver áferðarmýkri efni til að tjá sig um ímynd konunnar.

Jón Axel hefur fengið inni í vélsmiðjunni Héðni í bili og veitir ekki af plássinu, því hann hugsar stórt og verður þessvegna ekki með nema örfá verk á sýningunni. Stærsta myndin, um það bil mannhæðarhá, er 15 metrar á lengd og öll unnin á járnplötur eins og þeir nota í Héðni. Þær eru að byrja að ryðga og þá fær yfirborðið margvísleg og mjög fínleg litbrigði. Þessi mynd heitir „Sjönætur“ með tilvísan píslargöngunnar, sem maður gæti ímyndað sér að sé hér tákngerð með máluðum bjálka. Hann nær í gegnum allar plöturnar og endar í krossmarki.

Á annarri ámóta langri mynd, sem unnin er á tréplötur, svífa málaðair diskar, jafn margir postulunum og Kristi. Myndin heitir „Kvöldmáltíð“ og vísunin er öllum augljós þegar nafnið hefur verið kunngert. Þessar myndir var einfaldlega ekki hægt að mynda í heilu lagi, en hér er mynd af þeirri þriðju; „Spegill“ heitir hún og er bæði máluð á járn- og tréplötur. Formið er hinsvegar mjög stílfært krossmark með máladri mynd af einhverskonar búri eða grind og tveimur bikurum; í öðrum þeirra er blóð.

Þrátt fyrir þessa notkun á táknmyndamáli kristninnar, kveðst Jón Axel ekki vera að tjá sig um píslargöngu frelsarans eða þjáningu mannsins almennt. Á bak við þessar pælingar lægi ekki trúarþörf, þótt hann gerði sér ljóst, að litið yrði á verkin sem relegiös, eða trúarleg, vegna þess að annað er naumast hægt, þegar þetta klassíska táknmál er notað. Þetta er kannski trúarlegt landslag, sagði Jón Axel, sprottið af menningarsögulegum ástæðum. Í raun og veru er þetta konsept, eða hugmyndalist, sem svo hefur verið nefnd og hefur oft byggst einvörðungu á því að velta upp einhverri hugmynd án þess að klassísk myndræn gildi kæmu við sögu, svo sem litur og form. „Ég veit að þetta er nærri konseptinu“, segir Jón, en munurinn liggur í því, að ég hef alltaf afneitað því formleysi, sem einkenndi konseptið. Hjá mér skiptir formið mjög miklu máli“.

Hughmyndafræði í myndlist fæddist að sjálfsögðu ekki með konseptlistinni, en hún hefur haft veruleg áhrif í þá veru, að unnið sé með ákveðna hugmynd. Stundum virðist það komið út fyrir mörk myndlistar og mætti þá öllu frekar flokka það undir heimspeki. Það er ljóst að Jón Axel byggir á hugmyndafræði, en hann heldur engu að síður í gömul og gróin gildi, sem byggjast m.a. á kröftugu formrænu samspili.

Gísli Sigurðsson



Jón Axel við verk, sem heitir „Spegill“ og er þegar betur er að gáð, stílfært krossmark. Á þessum krossi er einhverskonar búr eða bygging ásamt bikurum, sem eru enn ein vísun til kristins táknmáls.